

Ár 2019, fimmtudaginn 4. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Björgu Ástu Þórðardóttur, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2019:

Knattspyrnudeild Víkings, f.h. HK/Víkings
gegn
Knattspyrnudeild Þróttar

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Víkings, f.h. HK/Víkings, kt. 420787-1469,
Traðarlandi 1,
108 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Haraldur Haraldsson.

Kærði:

Knattspyrnufélagið Þróttur, kt. 690476-0299.
Laugardal
104 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Þórir Hákonarson.

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 2. júlí sl. Ekki var óskað eftir greinargerð frá Þrótti þar sem brot var viðurkennt af hálfu félagsins.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik HK/Víkings og Þróttar í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 26. júní sl. á Víkingsvelli, verði breytt og HK/Víkingi úrskurðaður 3-0 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik HK/Víkings og Þróttar í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 26. júní sl. á Víkingsvelli, tefldi Þróttur fram tveimur eldri leikmönnum, þeim Bergrósu Lilju Jónsdóttur (1997) og Þórkötlunni Maríu Halldórsdóttur (1999).

Með tilvísun til 33. gr. reglugerðar KSÍ er þar ákvæði til bráðabirgðar sem segir „Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20-22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1997, 1998 og 1999) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Samkvæmt leikskýrslu úr leik Þróttar og ÍA í Inkasso-deild kvenna þann 25. júní kemur fram að báðir leikmennirnir, Bergrós og Þórkátla, tóku þátt sem varamenn á 79. mín og 87. mín. Það sé því ljóst að skv. reglugerð hafi leikmennirnir verið ólöglegir daginn eftir í leiknum með 2. flokki.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Þróttur hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik HK/Víkings og Þróttar í A deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 26. júní sl. á Víkingsvelli. Fyrir liggur í gögnum málsins að lið Þróttar var skipað tveimur eldri leikmönnum, annars vegar leikmanni sem fædd er 1997 og hins vegar leikmanni sem er fædd 1999, sem leikið höfðu með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan. Um ræðir leik Þróttar og ÍA í Inkasso-deild kvenna sem fram fór þann 25. júní

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, HK/Víkingsi, er úrskurðaður 3-0 sigur í leik liðanna þann 26. júní 2019 í A deild 2. flokks Íslandsmóts kvenna.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik HK/Víkings og Þróttar í A deild 2. flokks Íslandsmóts kvenna, sem leikinn var á Víkingsvelli þann 26. júní sl., er breytt og HK/Víkingsi úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum.

Kærði, Þróttur, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]